



Sviðum/skrifstofum er falið að gera áætlun um greiningu þjónustubátta skv. aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar og skila inn. Í því felst að listaðir verði upp þeir þjónustubættir sem sem ógreindir eru og gerð tímaáætlun um hvenær greiningin skuli fara fram.

Verkefni sem hlotið hafa greiningu KFS á sviði/skrifstofu	Ábyrgðaraðili	Afgreiðsla	Kostnaður greindrar þjónustu
Skípulagsmál	Sviðsstjóri	Apríl 2013	
Hjólreiðaáætlun	Sviðsstjóri	Apríl 2016	350 mkr/ár
Byggingarfulltrúi	Sviðsstjóri	Júní 2016	220 mkr
LUKR og landupplýsingar	Sviðsstjóri	Júní 2016	145 mkr
Grasagarður	Sviðsstjóri	Desember 2016	86 mkr
Vinnuskólinn	Sviðsstjóri	Mars 2017	241 mkr
Úrgangsmál, sorphirða og sorpeyðing	Sviðsstjóri	Desember 2017	1.644 mkr
Samgöngumál	Sviðsstjóri	Nóvember. 2018	141 mkr
Þjónustumiðstöð borgarlandsins	Sviðsstjóri	September 2019	1.275 mkr
Þjónustubættir til KFS greiningar 2019-2020	Ábyrgðaraðili	Greiningar- tímabil (frá - til)	
Rekstur hverfahluta austur og vestur	Sviðsstjóri	Apríl - október 2020	
Náttúra & garðar og Umhverfi & útivist	Sviðsstjóri	Apríl - október 2020	
Stefnumótun og greining (aðalskipulag og svæðaskipulag, umhverfis- og gæðamál)	Sviðsstjóri	Ágúst - desember 2020	
Bílastæðasjóður	Sviðsstjóri	Janúar - maí 2021	
Viðhald gatna og opinna svæða	Sviðsstjóri	Ágúst - desember 2021	
Eftirfylgni með ábendingum í KFS-greiningum sviðsins	Ábyrgðaraðili	Tímabil eftirfylgni	
Samgöngumál	Starfshópur KFS á USK	Nóvember 2019 (var framkvæmt - eftirfylgni II í apríl 2020)	

Ath. Þegar áætlun var sett saman fyrir nokkrum árum var ákveðið að undanskilja nokkra þjónustubætti þar sem talið var að þar væru engin kynjasjónarmið undir sem þyrfti að greina. Í samræmi við áherslur ráðgjafahóp um KFS verða þessir þjónustubættir aftur teknir til skoðunar og verði ákveðið að þeir séu í samræmi við fyrri ákvörðun ekki á áætlun vegna greininga, þá fylgir því rökstuðningur til stýrihóps KFS sem samþykkir eða hafnar þeirri tilhögun.

*Aðferð (útskýring)

Jafnréttismats-aðferð felur í sér "grunn-greiningu" á þjónustubáttum sem ólíklegir eru til að hafa viðamikla kynjaða vídd. Fjármálastjóri USK og stýrihópsmeðlimur sviðsins hitta viðkomandi stjórnendur og gera greiningu sem er áþekk þeim jafnréttismats-greiningum sem beitt hefur verið við gerð fjárhagsáætlana.

Djúpgreining felst í að myndaðir eru hópar um greininguna sambærilegir þeim sem hafa unnið að greiningum á þjónustubáttum KFS hingað til.

Komi í ljós að jafnréttismats-aðferð er ekki fullnægjandi eða vekur spurningar er einfaldlega skipt yfir í djúpgreiningar-aðferð og myndaður hópur um verkefnið.